



Menntun eða þjónusta? Þrástef og þversagnir í umfjöllun fjölmiðla um leikskóla

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Sunna Símonardóttir

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Mikil fjölmiðlaumræða varð um leikskóla á árunum 2020–2022. Þann 14. janúar 2020 samþykkti meirihluti skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar að stytta opnunartíma leikskóla um hálf tíma síðdegis, hafa skólana opna til 16:30 í stað kl. 17. Við greindum umræðuna næstu 13 daga á eftir. Einnig voru greindir kosningapistlar fyrstu 13 dagana í maí 2022 fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 14. maí 2022. Samtals voru þetta 59 greinar, fréttir og pistlar. Leitað var svara við spurningunum: Hvað er leikskóli og til hvers er hann? Hvað er ætlast til að börn fái út úr leikskóladvöl?

Við greindum efnið með sex þrepa aðferð sögulegrar greiningar á orðræðu. Við greindum sex þrástef í efninu; álagið á börnin, álagið á starfsfólkið, þroski og leikur, jafnrétti, þjónustuhlutverk leikskóla og loks þema sem við nefnum skjótvirkar lausnir. Við greindum tvö löggildingarlögmál sem jafnframt fela í sér þversagnir. Hið fyrra felur í sér að leikskóli er menntastofnun sem um leið hefur samfélagsleg hlutverk, annars vegar til að stuðla að jafnrétti kynjanna og hins vegar sem þjónusta við atvinnulífið með því að sjá til þess að börnin séu á öruggum stað meðan foreldrarnir vinna. Þversögn felst í að ýmis ytri skilyrði hafa orðið til þess að leikskólunum er erfitt að sinna þessu verkefni, það er að börnin fái sveigjanlegt heils dags leikskólaláss. Hitt lögmálið er að flestir virðast vilja að leikskólar sem menntastofnanir séu ólíkir grunnskólum. Sókn í að stytta dvalartíma og stytta opnunartíma kemur ef til vill ekki niður á menntunarhlutverkinu en rekst á við jafnréttis- og þjónustuhlutverkið við foreldra og atvinnulíf.

Rannsóknin gefur skýrt til kynna að tekist er á um framtíð leikskólakerfisins á Íslandi. Höfundar undirstrika mikilvægi þess að uppbygging leikskólakerfisins taki mið af fjölþættum hlutverkum hans í íslensku samfélagi, þar sem virðing er borin fyrir þeim öllum.

Efnisorð: leikskólar, þroski barna, hlutverk leikskóla, jafnrétti, fjölmiðlar

Inngangur

Á árunum 2020–2022 varð mikil fjölmiðlaumræða um málefni leikskóla. Nokkrir atburðir á þessu tímabili leiddu til aukinnar umfjöllunar, til dæmis ákvörðun um styttingu opnunartíma leikskóla í Reykjavík, covid-hópsmit í leikskóla, lokun tiltekins leikskóla vegna vanrækslu, verkfall félagsfólks í Eflingu, frumvarp um fæðingarorlof, „hústökuleikskóli“ í ráðhúsi Reykjavíkur vegna skorts á leikskólalássum og sveitarstjórnarkosningar.

Til sérstakrar skoðunar voru valdir tveir „atburðir“. Annars vegar samþykkt meirihluta skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar þann 14. janúar 2020 að stytta opnunartíma leikskóla um hálf tíma síðdegis, hafa skólana opna til 16:30 í stað kl. 17. Ákvörðun um styttingu var meðal annars byggð á áfangaskýrslu stýrihóps (Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið, 2019). Hins vegar voru kosningapistlar fyrir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022 greindir. Lesið var allt efni um þessi tvö málefni sem birtust á tæplega hálfmánaðar tímabili um hvorn atburð, samtals 59 greinar, fréttir og pistlar (hér eftir kallað greinar). Tilgangur athugunarinnar var að kanna hvernig væri fjallað um leikskóla og hlutverk þeirra. Leitað var svara við þessum spurningum: Hvað er leikskóli og til hvers er hann? Hvað er ætlast til að börn fái út úr leikskóladvö? [1]

Bakgrunnur

Að baki rannsókninni liggur femínískt kynjajafnréttissjónarhorn sem meðal annars felst í að skoða öll mál út frá hvort og hvaða mismunandi áhrif ákvarðanir geta haft á karla og konur. Einnig liggur að baki að höfundar telja að leikskólar hafi haft veruleg áhrif á þróun íslensks samfélags á síðastliðnum áratugum.

Leikskóli varð fyrsta skólastigið með lögum frá 1994 (lög um leikskóla nr. 78/1994). Í desember 2022 sóttu tæplega 20 þúsund börn leikskóla á Íslandi og hafði þeim fjölgað um 3,3% frá árinu áður. Á landsvísu lækkaði hlutfall 1–5 ára barna sem sóttu leikskóla um eitt prósentustig á milli árána 2021 og 2022, eða úr 88% í 87%, þar sem fjölgun barna í leikskólum hélt ekki í við fjölgun barna í þessum aldurshópi á landinu. Börn með erlent móðurmál voru 16,8% allra leikskólabarna árið 2022 og höfðu þau aldrei verið fleiri í íslenskum leikskólum. Miklu munar á hlutfalli eins árs barna í leikskólum eftir landsvæðum. Í Reykjavík er hlutfall eins árs barna í leikskólum 49% en 57% á höfuðborgarsvæðinu, en 82% á Austurlandi og aðeins 19% á Suðurnesjum (Hagstofa Íslands, 2023a).

Íslensk börn eru að jafnaði langan tíma á dag í leikskóla; meðaltal keyptrá tíma allra barna sem dvöldu í leikskólum borgarinnar í febrúar 2021 var tæpar 8,2 klst. á dag (Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið, 2021). Þetta helst í hendur við að atvinnuþátttaka kvenna er mikil á Íslandi og lítið atvinnuleysi og virðist vera eitt af þeim atriðum sem hefur leitt til þess að kynjabil milli karla og kvenna hefur mælst minnst á Íslandi í meira en áratug (World Economic Forum, 2022). Um þessi atriði var einnig fjallað í nýlegri skýrslu stjórnvalda undir heitinu Styrking leikskólastigsins (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2021) og um hvaða þunga langur skóladagur setur á leikskólastigið á Íslandi.

Í ljósi ofangreinds er ekki undarlegt að nýlegar rannsóknir gefi líka til kynna að íslenskir foreldrar séu undir verulegum þrýstingi að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019; Ólöf Júlíusdóttir o.fl., 2018). Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands var meðalvinnuvikan á Íslandi árið 2022 36,5 stundir; 32,6 hjá konum og 39,7 fyrir karla (Hagstofa Íslands, 2023c). Á Íslandi, ólíkt hinum Norðurlöndunum, er leikskólavist barna við lok fæðingarorlofs ekki tryggð með lögum og foreldrar þurfa því oftast en ekki að brúa umönnunarbilið sem skapast á milli fæðingarorlofs og inntöku í leikskóla. Umönnunarbilið hefur kynjaðar afleiðingar þar sem mæður brúa það mun oftast en feður. Konur eru einnig líklegri til að vinna hlutastörf (Hagstofa Íslands, 2023b) sem hefur verið tengt við aukna umönnunarábyrgð þeirra og ólíkt hinum Norðurlöndunum eru sjálfstætt starfandi dagforeldrar algengur valkostur á Íslandi (Ásdís A. Arnalds og Duvander, 2023).

Víkjum þá að þeirri aðalnámskrá, sem sett var 2011 og var fyrsta aðalnámskrá leikskóla sem var samhæfð við aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla. Í aðalnámskránni kemur skýrt fram hvers konar starf eigi að fara fram í leikskólum. Sem dæmi má nefna áherslu á að leikskóli sé „vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stöðum undir lýðræðislegt samfélag“. Enn fremur að þar eigi „börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti“. Og loks á sama stað að lítið sé á „börn sem virka borgara og þátttakendur þar

sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012, bls. 35). Nokkru síðar kemur eftirfarandi fram:

Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012, bls. 37)

Í aðalnámskránni fer verulega minna fyrir þáttum sem tengjast umönnun og umhyggju en umfjöllun þar sem lögð er áhersla á menntun, nám og auðvitað leik. Hins vegar er tekið fram að „í leikskólastarfi myndi hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild“ (bls. 32).

Í aðalnámskránni birtast viðhorf fagfólksins til leikskólastarfsins, en foreldrar gera líka miklar kröfur til leikskóla samfélagsins. Jóhanna Einarsdóttir (2020) rannsakaði viðhorf foreldra til leikskóla 2005 og 2006 og aftur 2016. Í stuttu máli, þá voru öryggi og vellíðan barnanna foreldrunum ofarlega í huga. Flestir foreldrar vildu að börnin lærðu samskipti og þjálfuðu félagslega hæfni en töldu miklu síður að leggja bæri áherslu á nám og kennslu í lestri og stærðfræði. Þrátt fyrir breytingar á samfélaginu og veruleika barna höfðu viðhorf foreldranna lítið breyst á milli rannsókna tveggja.

Þróun í menntun leikskólakennara endurspeglar að líkindum væntingar samfélagsins um vandað leikskólastarf. Menntun leikskólakennara á Íslandi varð háskólamenntun frá og með að Háskólinn á Akureyri stofnaði til B.Ed.-náms fyrir leikskólakennara árið 1996 og Fósturskóli Íslands sameinaðist Kennaraháskóla Íslands síðan í ársbyrjun 1998. Menntunarkrafa til leikskólakennara varð að meistaranámi eftir 2011 með fullri gildistöku laga sem sett voru 2008.

Á hinn bóginn hefur ekki tekist að manna leikskólana nema að hluta til með menntuðum leikskólakennurum. Hlutfallið var komið í um þriðjung á árunum upp úr 2010 en hefur lækkað aftur í um 22% miðað við haustið 2022. Á móti kemur að „öðrum með uppeldismenntun“ hefur farið nokkuð fjölgandi og voru haustið 2022 18% starfsfólks leikskóla (Hagstofa Íslands, e.d.). Reykjavíkurborg hefur einnig fjallað um þessa stöðu í nýlegum skýrslum (Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið, 2018, 2021).

Nýleg breyting tengd leikskólastarfinu er að aukinn var tími leikskólakennara til að undirbúa starfið. Þetta var gert í kjarasamningum árið 2020 (Anna Magnea Hreinsdóttir o.fl., 2022). Deildarstjórar eiga að hafa tíu klukkustundir á viku og leikskólakennarar sjö. Meiri undirbúningstími leikskólakennara dregur úr mun á starfsaðstæðum kennara í leik- og grunnskólum sem þykir mikilvægt í samkeppni um fagfólk. Í rannsókn Önnu Magneu Hreinsdóttir og félaga (2022) kemur fram að verið sé að prófa sig áfram með nýtingu undirbúningstímans og hvernig hann nýtist sem best starfinu til heilla.

Aðferð

Sem fyrr segir vildu höfundar skoða hvernig væri fjallað um leikskóla og hlutverk þeirra í fjölmiðlum. Við ákváðum að skoða umfjöllunina sem orðræðu og nota til þess verklag sögulegrar greiningar á orðræðu (Foucault, 1978; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, 2010; Sharp og Richardson, 2001). Verklagið felst í að skoða hvað er sagt og hvernig það er sagt en einnig hvað er ekki sagt. Beitt var sex þrepa nálgun sem felur í sér að fyrsta þrepið er val á málefni sem í þessu tilviki hafði verið valið, það er umfjöllun um leikskóla og hlutverk þeirra.

Annað þrepið fól í sér að velja gögn. Skoðuð var öll fjölmiðlaumfjöllun um leikskóla á árunum 2020–2022 í gagnabanka Fjölmiðlavaktarinnar sem reyndust vera 1308 greinar, fréttir og pistlar í prentmiðlum, ljósvakamiðlum og vefmiðlum. [2] Til sérstakrar skoðunar voru valdir tveir atburðir sem um var tiltölulega mikil umfjöllun á stuttum tíma og þóttu lýsandi fyrir margvísleg og ólík sjónarmið. Fyrri atburðurinn var áform Reykjavíkurborgar í janúar 2020 um að stytta opnunartíma leikskóla um hálf tíma síðdegis; hinn atburðurinn var sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022 og var farið yfir kosningapistla sem birtust í aðdraganda þeirra. Þrautlesnar voru allar greinar tengdar

Þessum tveimur atburðum á þrettán daga tímabili um hvorn atburð, samtals 59 (27+32) greinar, fréttir og pistlar, dagana 15.–27. janúar 2020 og 1.–13. maí 2022. Í fyrra tilvikinu dró úr umfangi umfjöllunar jafnt og þétt eftir fyrstu vikuna en svo komu nokkrar greinar 27. janúar; í síðara tilvikinu var valið jafnlangt tímabil, það er 1.–13. maí. [3]

Á þriðja þrepi voru greind þrástef og í þessu tilviki var líka horft á þversagnir. Hafðar voru í huga þær spurningar sem spurt var í upphafi greinarinnar: Hvað er leikskóli og til hvers er hann? Enn fremur var skoðað sérstaklega hvað var skrifað um starfsumhverfi leikskóla, svo sem erfiðleika við að manna leikskólana, og um tengsl leikskóla, fjölskyldulífs og vinnu. Greiningin réðst þó að mestu af því hvað fannst í gögnunum (Braun og Clarke, 2013) og snerist um að finna þemu sem gætu talist vera þrástef. Við lásum greinasafnið í einu lagi og greindum sex þrástef.

Á fjórða þrepi aðferðarinnar voru skoðuð þau mynstur sem við töldum okkur sjá í gögnunum eftir að þrástefin höfðu verið afmörkuð. Við skoðuðum á hvern hátt mætti sjá út úr mynstrunum löggildingarlögmál og mátum á hvern hátt birtust í þeim þversagnir. Löggildingarlögmál eru sögulegs og pólitísku eðlis en ekki röklegs; þannig geta þversagnakenndar hugmyndir myndað lögmál sem hafa áhrif á hvað höfundarnir telja sig geta sagt hverju sinni (Ingólfur Asgeir Jóhannesson, 2006).

Fimmta þrep aðferðarinnar felur í sér að skoða svokallaða sögulega samverkan (e. historical conjuncture) aðstæðna og atvika sem löggildingarlögmálin eru hluti af. Á þessu stigi greindum við einkum nokkurs konar þagnir um efnisatriði sem var eðlilegt að búast við að væru rædd, bæði af því að þau eru í opinberri umræðu en einnig vegna þess að þau efnisatriði höfðu komið fram í skýrslum um leikskóla.

Sjötta þrep verklagsins gerir ráð fyrir ritun skýrslu. Í þessu tilviki er skýrsla tiltæk í formi vinnugagna höfunda en ekki sem formleg og birt skýrsla.

Niðurstöður

Hér greinum við þrástef og þversagnir sem við fundum í greinunum 59. Þau eru sex talsins eins og við flokkum þau; álagið á börnin, álagið á starfsfólkið, þroski og leikur, jafnrétti, þjónustuhlutverk leikskóla og loks þema sem nefnum skjótvirkar lausnir. Vísað er til höfunda með fullu nafni og ártalið segir til um í hvoru gagnasafninu greinin er. Við tilgreinum starf höfundar í öllum tilvikum í fyrra gagnasafninu en í hinu síðara einungis ef starfið tengdist leikskólunum. Í síðara gagnasafninu er ekki greint á milli þess hvaða stjórn málaafli viðkomandi höfundar voru í framboði fyrir nema ef við töldum þurfa að greina frá andstæðum sjónarmiðum eða sjónarmiðin væru lík þrátt fyrir að höfundarnir væru í ólíkum stjórn málaflokkum.

Álagið á börnin

Sjónarmið um að langur leikskóladagur sé ekki heppilegur fyrir börnin eru útbreidd. Bent er á að börn verði þreytt af að vera í leikskóla í átta til níu tíma á dag og því sé rétt að finna leiðir til að stytta leikskóladaginn. Líklega töldu flestir þátttakendur í umræðunni að þetta gæti verið rétt. Í þessu samhengi virtust togast á tvö sjónarmið. Annars vegar að dvöl barns í leikskóla væri óhjákvæmileg vegna langs vinnudags foreldra. Hins vegar orðræða þar sem leikskólaveru barnsins var líkt við vinnu og því þyrfti að leita leiða til að stytta „vinnutíma“ leikskólabarnanna.

Hrefna Sigurjónsdóttir (2020), framkvæmdastjóri Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, ræddi mikilvægi leikskóla til að sinna börnum meðan foreldrarnir væru í vinnu. Hún benti á að „Margir foreldrar ... [hefðu] lítið svigrúm til að bregðast við skyndilegum breytingum“. Steinunn Gestsdóttir (2020), prófessor í þroskasálfræði við Háskóla Íslands, sagðist ekki vita um neinar rannsóknir sem sýndu að 8,5 tímar væru skaðlegri fyrir leikskólabörn en 8,0 tímar – en rannsóknir sýndu að þegar hávaði, lítið pláss og mannekla einkenndu leikskóla hefði það neikvæð áhrif á börn og starfsfólk. Steinunn lagði áherslu á að það ætti „að tryggja að slíkar aðstæður séu aldrei til staðar í leikskólastarfi“.

Margir höfundar virtust líta á langan leikskóladag sem óhjákvæmilegan eða að minnsta kosti meðan foreldrar þyrftu að vinna langan vinnudag. Meðal leikskólafólks og annarra var því þó andmælt – dagurinn væri einfaldlega of langur. Þannig lýsti Sigrún Hulda Jónsdóttir, leikskólastjóri heilsuleikskólans Urðarhóls, sem varð bæjarfulltrúi eftir sveitarstjórnarkosningarnar 2022, áhrifum á börnin af að vera langa daga í leikskóla. Hún skrifaði:

Ég held bara að þetta sé svolítið lýðheilsuál að við förum aðeins að stytta vinnutíma barna utan heimilis. Ég vil nefna að þetta sé vinnutími barna því að barnið kemur í leikskóla. Það er að læra allan daginn og það er í miklu áreiti og það verður bara þreytt. Þannig að átta og hálfur tími fyrir eins og hálf árs gamalt barn til fimm ára, það er bara of langur skóladagur. (Lilly Valgerður Pétursdóttir, 2020)

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (2020), formaður borgarráðs Reykjavíkur, skrifaði að stýrihópurinn, sem lagði til að stytta opnunartíma leikskóla síðdegis, teldi að styttingin

muni draga úr álagi á börn, stjórnendur og aðra starfsmenn og styrkja faglegt starf þar sem skipulag daglegs starfs og mönnun leikskólans verði einfaldari.

Hér voru börnin höfð fyrst í upptalningunni, hvort sem það hefur merkingu í samhenginu eða ekki. Í málflutningi Sigurðar Sigurjónssonar (2020), formanns Félags stjórnenda leikskóla, fléttuðust líka saman rök fyrir betra starfsumhverfi barna og betra starfsumhverfi starfsfólks með styttingu opnunartíma.

Álagið á starfsfólkið

Meðal þeirra raka sem bent var á og líklega ein af ríkustu ástæðum þess að Reykjavíkurborg ákvað að stytta opnunartíma síðdegis var skortur á starfsfólki, bæði leikskólakennurum og ófaglærðu starfsfólki. Sigurður Sigurjónsson (2020), formaður Félags stjórnenda leikskóla, lýsti því að stjórnendur leikskóla hefðu bent á þessa leið, það er að „stytta opnunartíma til að gera leikskólana betri, draga úr álagi á starfsfólki og börn“. Fyrir því væru fagleg rök, skrifaði Sigurður, en stytting opnunartíma væri líka „líður í því að gera leikskólana rekstrarhæfa“. Í því sambandi tilgreindi hann að dvalartími barna í leikskólum á Íslandi væri einna lengstur í samanburði við önnur lönd samkvæmt skýrslum frá OECD og Eurydice. Sigurður benti á að þótt þessi stytting kæmi ekki í stað þess að „hækka laun þeirra sem sinna störfunum og gera starfsumhverfið almennt betra“ væri hún gott skref, bæði fyrir starfsfólkið og börnin.

Fleira starfsfólk leikskóla tók til máls í þessum umræðum. Ólafur Brynjar Bjarkason (2020), leikskólakennari við Hagaborg í Reykjavík, lýsti stöðunni þannig að álagið við að starfa í leikskóla væri „töluvert“ og nefndi að margir leikskólakennarar hefðu horfið til starfa á öðrum vettvangi eða verið í veikindaleyfi. Hann staðhæfði að álagið stafaði meðal annars „af því að það eru of mörg börn, í of litlu rými, í of langan tíma á dag“. Í þessum orðum fléttuðust í rauninni saman álagsþættirnir á börn og starfsfólk. Ólafur Brynjar greip til þeirrar líkingar að það að vera leikskólakennari væri

að vissu leyti eins og að standa upp á dekki á risastóru skipi sem siglir rétt fyrir utan höfnina og allt samfélagið stendur á bryggjunni og horfir á. Og við erum hægt og rólega að sökkva. En fáir kippa sér upp við það.

Í kosningaumræðunum vorið 2022 var Pálína Hildur Sigurðardóttir (2022), leikskólakennari, í framboði í Skagafirði. Hún dró vandann saman þannig að það væri

lítill sveigjanleiki varðandi vinnutíma, aukið álag vegna ónógrar afleysingar, löng viðvera og of mörg börn á deildum.

Pálína tilgreindi að starfsfólk leikskóla, þrátt fyrir að vera stolt af góðu starfi með börnunum, væri „langþreytt á starfsaðstæðum“. Hún nefndi líka að með þeirri breytingu að eitt leyfisbréf gildi fyrir kennara á öllum skólastigum þyrfti leikskólastigið að keppa við grunnskólastigið um hæfa kennara;

leikskólakennarar sæktust þar eftir „betra starfsumhverfi og jafnvel vinnutíma“. Hún hélt því fram að ef „vinnuaðstæður, vinnutími, skólaár og vinnutímaskilgreiningar yrðu færðar í átt að grunnskólanum ...“ efði hún ekki að það „hefði stórkostleg áhrif“ í þá átt að leikskólakennarar kæmu til baka.

Áskorunin um að fá fagfólk eða annað fólk til starfa í leikskólum kom víða fram, til dæmis í umræðum fyrir kosningarnar vorið 2022. Einn af þeim sem skrifaði um þetta var Skúli Helgason (2022), formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar: „Það er vissulega áskorun að manna leikskóla þessi misserin.“ Hann nefndi meðal annars lengingu kennaranámsins 2008 og ný lög um eitt leyfisbréf sem „hafa haft þær afleiðingar að verulegur fjöldi leikskólakennara hefur flutt sig yfir í grunnskóla“. Styttingu skóladagsins um hálf tíma síðdegis var meðal annars ætlað að gera leikskólana að „aðlaðandi starfsvettvangi“. Með því væri dregið úr álagi á starfsfólk. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (2020), formaður borgarráðs Reykjavíkur, skrifaði:

Það er mikilvægt verkefni að gera leikskólana að aðlaðandi starfsvettvangi til að foreldrum í Reykjavík sé tryggð áframhaldandi góð þjónusta og börnum tryggð sem best náms-, uppeldis- og leikskilyrði. Það þarf því að hlusta á áhyggjuraddir leikskólastjóra um álag og skort á leikskólakennurum. Það þarf líka að hlusta á foreldra sem þurfa að bregðast við breytingum á opnunartímum.

Í þessum ummælum kemur fram að taka þurfi tillit til margra sjónarmiða. Daginn sem þetta var birt, 23. janúar 2020, eftir ákall þess efnis, var ákveðið að láta fara fram „ítarlegt jafnréttismat“ til viðbótar þeirri „jafnréttisskimun“ sem hafði farið fram, að sögn Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur (2020).

Eitt af því sem bent var á í umræðunum var að tiltölulega almenn stytting vinnuvikunnar hefði haft „þveröfug áhrif“ á aðstæðurnar í leikskólum því að með innleiðingunni hefði ekki fylgt fjármagn til leikskólanna til að ráða viðbótarfólk þegar vinnuvikan styttist hjá starfsfólkinu. Um þetta ræddu þeir Gunnar Már Gunnarsson og Sverre Jakobsson (2022), frambjóðendur á Akureyri, sem fullyrtu að „sveigjanleiki í útfærslu hafi verið lítill sem enginn“ og að þetta hefði valdið „togstreitu og auknu álagi á starfsfólk“. Áhrif af styttingu vinnutíma leikskólustarfsfólks á vinnuumhverfið í leikskólunum hefðu því ekki orðið mikil.

Álag á börn, starfsfólk og jafnvel foreldra (Þorbjörg Þorvaldsdóttir, 2022) fléttadist þó nokkuð saman í umræðunum. Oftast var stutt í að bent væri á að aðstæður starfsfólksins bitnuðu á börnunum. Ekki kom neitt fram í greinunum 59 um aukinn undirbúningstíma leikskólakennara. Hinn aukni undirbúningstími hafði ekki komið til framkvæmda í janúar 2020 og sennilega hafa þau sem skrifuðu kosningapíslana í maí 2022 lítið vitað um hann.

Þroski og leikur

Margir höfundar skrifuðu um hvert væri hlutverk leikskóla, óháð dægurmálum á borð við tiltekna ákvarðanir. Hildur Rún Róbertsdóttir (2022), frambjóðandi í Vestmannaeyjum og deildarstjóri í leikskóla, var ein af þeim og benti á að leikskólar væru fyrsta skólastigið og í heimsfaraldri hefði hann „staðið sem grunnstof“. Hún undirstrikaði að leikurinn væri meginnámsleið leikskólanna og það þyrfti „að bæta aðstöðu barnanna til leiks“. Hún vildi að settar yrðu „skýrar reglur um barnagildi“ (það er hlutfall barna og starfsfólks) og að það þyrfti að „bæta aðbúnað og hljóðvist á deildum og bæta vinnuaðstöðu kennara“. Einnig vildi Hildur að sett yrðu „háleit markmið þegar kemur að leikskólamállum hér í bænum“. Í sama streng tók Rannveig Ernudóttir (2022), frambjóðandi í Reykjavík:

Leik- og grunnskólaganga á fyrst og fremst að fara fram á forsendum barnanna, þar sem ljóst er að línan, þar sem hið faglega og góða starf getur hreinlega snúist upp í andhverfu sína, er fín.

Grein Rannveigar snerist um að gagnrýna þá hugmynd sem oft hefur komið fram að færa almennan grunnskólaaldur og skólaskyldu niður um eitt ár. Þórdís Jóna Sigurðardóttir (2022), frambjóðandi í

Reykjavík, sem síðar á árinu tók við starfi forstjóra Menntamálastofnunar, andmælti því að fimm ára börn færðust í grunnskóla. Hún skrifaði:

Menntunin sem fer fram í leikskólum er jafn mikilvæg grunnskólamenntuninni þó henni sé hagað á allt annan hátt. Það er góð þroskafræðileg ástæða fyrir því að langflest lönd miða við 6 ára aldur sem fyrsta ár grunnskólans ...

Í þessum þremur greinum, það er Hildar, Rannveigar og Þórdísar, er lögð áhersla á gildi leikskólastarfsins fyrir börnin. Tveimur árum fyrr, það er í deilunni um styttnan síðdegisopnunartíma, útskýrði Steinunn Gestsdóttir (2020), prófessor í þroskasálfræði, að hún þekkti

fullt, fullt, fullt af rannsóknum sem sýna að góðir leikskólar hafa jákvæð áhrif á þroska barna, sérstaklega þeirra sem koma frá heimilum ... í vanda.

Steinunn tók líka fram að rétt væri að gæta þess að „tala ekki eins og að viðvera í burtu frá foreldrum sé augljóslega af hinu illa ...“. Segja má að Kolbrún Baldursdóttir (2020), borgarfulltrúi, hafi tekið í sama streng. Hún hélt því fram að foreldrar væru best færir um að meta hvort lengri leikskóladagur en átta tímar væri of langur fyrir eigin börn og að langflestum börnum þætti gaman í leikskóla, enda liði þeim vel þar. Kolbrún ræddi líka um gildi samveru barna við önnur börn sem hún sagði að væri „sérhverju barni bráðnaðsynleg“.

Kristófer Már Maronsson (2022), frambjóðandi í Skagafirði, skrifaði um að leikskólar væru „sérstakir vinnustaðir þar sem að börnin okkar hljóta stuðning og kennslu til þess að leika og læra“ meðan foreldrarnir gætu „sinnt sinni vinnu áhyggjulausir vitandi að börnin eru í góðum höndum“. Í ummælum hans fléttuðust saman rök um þroska barnanna og þjónustu við foreldrana.

Hér hefur verið vísað til höfundar sem töldu að ekki væri fært að fimm ára börn færu í grunnskóla. Hildur Björnsdóttir (2022), borgarfulltrúi í Reykjavík, ræddi möguleikann á að leysa hluta af vanda leikskóla með því grunnskólagangan „hefjist við fimm ára aldur, og henni ljúki á fimmtánda ári“. Hildur tók hins vegar fram að það væri mikilvægt að „í fimm ára bekknum væri kennsla á forsendum leikskólans“. Enda þótt deila megi um hvort líklegt sé að fimm ára bekkur í grunnskóla yrði í reynd „á forsendum leikskólans“ verður að flokka þetta sem þroskarök þar sem höfundurinn áttar sig á vandanum sem þessari tilfærslu milli skólastiga gæti fylgt.

Jafnrétti

Jafnrétti sem þema hér lýtur annars vegar að því hlutverki leikskóla að stuðla að jafnrétti með starfsháttum sínum, til dæmis í leik og námi, og hins vegar að leikskólar, með því að vera til, jafni aðstæður fólks í samfélagi og á vinnumarkaði.

Í sambandi við fyrra efnið lagði Birta Sæmundsdóttir (2022), kynjafræðikennari, í framboði í Fjarðabyggð, áherslu á að kynjafræði, þar sem hefðbundnum staðalímyndum um kynin er ögrað, yrði í skólunum. Hún sagði að það þyrfti „að byrja strax í leikskóla og halda áfram á öllum skólastigum“. Halla Gunnarsdóttir (2020), sem þá var ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, tiltók að leikskólar jöfnuðu líka tækifæri barna í milli, „með því að bjóða upp á menntun og samfélag þar sem ólíkir þjóðfélagshópar koma saman“.

Mun meira var skrifað um hvernig leikskólar, með tilvist sinni, hefðu stuðlað að og héldu áfram að stuðla að jafnrétti. Í þeirri orðræðu var langmest áhersla á jafnrétti kynjanna þótt jafnrétti í víðara samhengi eftir efnahag og fjölskyldugerð hefði líka komið við sögu. Halla Gunnarsdóttir (2020) reifaði hlutverk leikskólanna við þróun kynjajafnréttis:

Leikskólar ... stuðla að kynjajafnrétti í atvinnulífinu og við ákvarðanatöku, en líka kynjajafnrétti heima við – og það er ekki hægt að hafa nógu mörg orð um mikilvægi fjárhagslegs sjálfstæðis kvenna ...

Halla hélt áfram:

Uppbygging almennra leikskóla er ein farsælasta stjórn málaákvörðun okkar tíma. Leikskólar Íslands eru á heims mælikvarða, sem uppeldis- og menntastofnanir ... en líka sem hornsteinninn samfélagsskipulags þar sem konur eru ekki neyddar til að velja á milli þess að vinna og að eiga börn.

Meðal þeirra sem andmæltu hugmyndum um styttingu opnunartímans í janúar 2020 voru tveir hópar kvenna. Kvenréttindafélag Íslands lagði áherslu á að styttingin gæti dregið úr kvenfrelsi og fjárhagslegu sjálfstæði kvenna og taldi að með orðræðunni um langan skóladag væri verið að „ala á samviskubiti foreldra“. Tekið var í sama streng og Halla og því haldið fram að „öflug starfsemi leikskóla sé forsenda þess að Ísland hafi náð svo langt sem raun ber vitni í að tryggja jafnrétti kynjanna“. Enn fremur var það staðhæft að

full þátttaka kvenna á íslenskum vinnumarkaði er ekki aðeins forsenda fyrir kvenfrelsi, heldur einnig fyrir hagsæld þjóðarinnar þar sem samfélagið reiðir sig á að við öll tökum virkan þátt í atvinnulífinu og leggjum okkar af mörkum. („Lúalegt“ að ala á samviskubiti foreldra, 2020)

Hinn kvennahópurinn kallaði sig stuðningskonur leikskólanna. Þær töldu að styttingin hefði slæm áhrif á verkaskiptingu á heimilum:

Nýjustu vendingar eru svo þær að borgarstjórn ætlar að draga úr of miklu álagi á börn og leikskólustarfsfólk með því að stytta opnunartíma leikskóla. Í stað þess að byggja á fyrirbyggjandi gögnum um árangursríka leið, kys borgarstjórn að skerða þjónustu við börn, auka álag á foreldra, hætta á að áhrifin verði harkalegust á jaðarsett fólk og einstæða foreldra og að þau muni ýkja ójafna verkaskiptingu á heimilum enn frekar. (Claudia Overesch o.fl., 2020)

Í ályktun stuðningskvenna leikskólanna er teflt saman jafnréttisrökum og þjónusturökum. Sambærileg tenging jafnréttis og þjónustu kom fram hjá til dæmis tveimur stjórn málaakönnum. Hanna Katrín Friðriksson (2020), alþingismaður, lagði áherslu á að allar ákvarðanir er lytu að „sambandi fjölskyldulífs og vinnu“ væru jafnréttismál. Hún tók fram að skrefið sem væri verið að stíga, að stytta opnunartíma, gæti verið „rétt skref á röngum tíma“. Hildur Björnsdóttir (Auður Ösp, 2020), borgarfulltrúi, tók í svipaðan streng og nefndi að fáir ættu þess kost

að yfirgefa vinnu um klukkustund áður en hefðbundnum vinnudegi lýkur. Skert þjónusta mun eflaust koma verst niður á einstæðum foreldrum, vinnandi konum og lágláunafólki.

Samtök atvinnulífsins (Ritstjórn, 2020) tóku undir gagnrýnina á styttingu opnunartímans, gagnrýndu að lítið samráð hefði verið haft í ferlinu og það samráð hefði verið

fyrst og fremst við þá sem starfa innan leikskólakerfisins á meðan eðlilegt væri að hafa samráð við foreldra, atvinnulífið og aðra hagsmunaaðila.

Kolbrún Baldursdóttir (2020), borgarfulltrúi, var á sama máli og nefndi að slík „kerfisbreyting ... þarf að tekin í takti við aðstæður foreldra, atvinnulífið og umræðuna um styttingu vinnuvikunnar“. Guðrún Runólfssdóttir og Leifur Gunnarsson (2022), frambjóðendur í Árborg, spurðu í fyrirsögn hvort fólki vildi vinna eða eignast börn. Þau töldu leikskólagjöld of há eða þjónustuna ekki nógu aðgengilega og þetta hefði meiri áhrif á mæðurnar og launakjör þeirra „til frambúðar“. Þau bentu á hið sama og bæði Samtök atvinnulífsins og Kolbrún Baldursdóttir tveimur árum fyrr, að „samfélagið missir líka verðmætan starfskraft af vinnumarkaði ... samfélagið allt tapar á kynjamisrétti“.

Jafnréttiskröfurnar til leikskóla, sem fram komu í þessum umræðum, lutu einkum að hlutverki leikskóla til að stuðla að meira jafnræði karla og kvenna í samfélaginu. Höfundarnir komu oft inn á jafnrétti í víðara samhengi, auk þess sem skortur á samráði við aðila utan leikskólakerfisins var gagnrýndur.

Þjónustuhlutverk leikskóla

Hér að framan hefur verið fjallað um margvísleg viðhorf til leikskóla. Þau hafa meðal annars hverfst um skilyrði leikskólanna til þess að geta verið góður staður fyrir börn til að þroskast og menntast og einnig um hlutverk þeirra til að stuðla að jafnrétti í samfélaginu. Leikskólar eru líka þjónusta við samfélag og foreldra með því að útvega öruggan stað fyrir börnin til að vera á meðan foreldrar eru að vinna.

Þjónustuhlutverk leikskóla var viðurkennt af flestum sem tóku til máls í umræðunum. Sigurður Sigurjónsson (2020), formaður Félags stjórnenda leikskóla, reifaði einmitt margþætt hlutverk leikskóla sem mennta- og þjónustustofnunar. Hann benti á að leikskólinn væri fyrsta skólastigið þótt hann væri fyrir börn undir skólaskyldualdri. Hann ítrekaði að „leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun ... en er ekki eingöngu þjónustustofnun“. Í næstu málsgrein sagði hann:

Ef sveitarfélög ætla að halda uppi háu þjónustustigi með löngum opnunartíma, þá þarf að gera ráðstafanir til að hægt sé að veita þá þjónustu.

Í deilunum sem urðu í janúar 2020 kom fram að það væru ekki mörg börn í Reykjavík sem nýttu vistunartímann eftir kl. 16:30. Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur, sagði:

Ef við skoðum þann hóp sem er að nýta síðasta hálf tímann þá eru ekki nema 62 börn sem nýta vistunartímann alveg til klukkan fimm. Af þeim rúmlega 5.000 sem eru í kerfinu. (Auður Ösp, 2020)

Hildur Björk Pálsdóttir, foreldri barns í leikskóla í Hafnarfirði, hafði sent bæjarstjórn og fræðsluráði bæjarins bréf 5. desember 2019 og sagði blaðið Fjarðarfréttir frá þessu þegar deilurnar um ákvörðun Reykjavíkurborgar stóðu sem hæst í janúar 2020. Hildur benti á í bréfinu að í pósti sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs kæmi fram að fyrir 4,93% barna væru keyptar „9+ klst.“ í vistun fyrir börn í leikskólum bæjarins en að eingöngu 2,21% barna nýttu þann tíma. Á það væri bent í bréfi sviðsstjórans að ákvörðun um að engin börn gætu fengið meira en átta og hálfan tíma myndi því ekki hafa merkjanleg áhrif á 95,07% barna. Hildur rökstuddi andstöðu sína við þessa ákvörðun þó þannig:

Það mun hins vegar hafa töluvert mikil áhrif á rútínu hinna 2,21%–4,93% barnanna og það má ekki gleyma að taka tillit til þess að á bakvið hverja tölu er barn og heil fjölskylda. (Guðni Gíslason, 2020)

Hrefna Sigurjónsdóttir (2020), framkvæmdastjóri Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, undirstrikaði að þótt menntunarlutverk leikskóla væri mikið og að „skóli sé ekki geymslusvæði fyrir börn meðan foreldrar eru í vinnu“, þá væri „leikskóli ... líka þjónustustofnun, hvort sem fólk líkar betur eða verr“. Þessi orð draga í rauninni saman þetta þema.

Skjótvirkar lausnir

Umræðurnar í janúar 2020 og sérstaklega kosningapistlarnir í maí 2022 áttu til að einkennast af hugmyndum sem fólu í sér skjótvirkar lausnir, hvort heldur á bráðavanda eða þáttum sem eiga dýpri rætur. Sumum hugmyndanna var sérstaklega ætlað að koma til móts við erfiðleikana við að finna starfsfólk en öðrum að auka jafnrétti eða styrkja innra starfið. Í öllum tilvikum var meiningin að efla þjónustu á einhvern hátt, en í sumum tilvikum að styðja við aðra valkosti en leikskóla, til dæmis tímabundið. Við ræðum hér hreyfingu til ókeypiss leikskóla (alveg eða hluta dagsins), heimgreiðslur, dagforeldraferfið og möguleika á að elstu börnin (fimm ára börnin) færu í grunnskóla í stað leikskóla.

Sjónarmið um ókeypiss leikskóla voru ekki ný af nálinni í kosningabaráttunni vorið 2022. Í henni komu þau fram frá fulltrúum nokkurra stjórn málaafila. Gunnar Már Gunnarsson (2022), frambjóðandi fyrir Framsóknarflokkinn á Akureyri, rakti að á síðastliðnum áratug hefði kostnaðarþátttaka foreldra

„farið úr því að vera 23% af kostnaðinum og niður í 15%“ og vildi að komið yrði á gjaldfríum leikskóla til framtíðar. Líf Magneudóttir (2022), borgarfulltrúi Vinstri grænna í Reykjavík lagði áherslu á að öll börn ættu

rétt á menntun óháð tekjum foreldra þeirra. Þess vegna er ekki rétt að láta þau borga skólagjöld í leikskólum. Það er heldur ekki rétt að láta þau borga fyrir skólamáltíðir.

Flokksbróðir hennar, Pétur Heimisson (2022), frambjóðandi í Múlaþingi, vildi að sveitarfélagið setti sér þá stefnu að gera leikskólann gjaldfrjálsan og nefndi að áður hefðu verið stigin „ákveðin skref til lækkunar leikskólagjalda í Múlaþingi ...“. Eggert Sigurbergsson (2022b), frambjóðandi Miðflokksins í Reykjanesbæ, taldi að leikskóli ætti að vera gjaldfrjálst til samræmis við önnur skólastig, það myndi „nýtast lágtekjuhópum best og því um réttlætismál að ræða“. Heimir Örn Árnason (2022), frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins á Akureyri, taldi að gjaldfrjáls leikskóli gæti stuðlað að markaðsstarfi fyrir Akureyri. Hann benti á að fyrir þessar kosningar legði flokkurinn á Akureyri áherslu á „gjaldfrjáls leikskólaláss fyrir öll börn frá 12 mánaða aldri“. Heimir skýrði enn fremur frá því að

samhlíða þessari aðgerð [ætti] að ráðast í markaðsátak til þess að fjölga íbúum og atvinnutækifærum í sveitarfélaginu þar sem sú kjarabót sem hlýst af þessari aðgerð kemur til með að veða þungt. Markaðsátak þar sem þessi aðgerð verður í forgrunni mun laða að nýja íbúa í sveitarfélagið.

Í þessum ummælum að ofan fléttast auðvitað saman þjónustu- og jafnréttishlutverk leikskóla. Einnig er fróðlegt að sjá þarna glitta í keppni milli sveitarfélaga um hvert þeirra geti veitt þjónustuna hagkvæmast fyrir foreldrana.

Gjaldfrelsi leikskóla hluta úr degi, og þá einkum miðað við sex klukkustundir, kom til umræðu í nokkrum pistlum, líka víða að úr litrófi stjórnmálanna. Sigurbjörg Erla Egilsdóttir (2022), bæjarfulltrúi Pírata í Kópavogi sagði: „Við viljum líka skapa hvata til styttri dagvistunar með 6 tíma gjaldfrjálsum leikskóla ...“. Einnig skrifuðu úr Kópavogi þau María Ellen Steingrimsdóttir og Leó Snær Pétursson (2022), frambjóðendur Viðreisnar, að langtímamarkmiðið væri gjaldfrjáls leikskóli, „en okkar fyrsta markmið er að gera leikskólavist gjaldfrjálsa hjá fimm ára börnum í sex tíma á dag“.

Víkjum til Hveragerðis. Halldór Benjamín Hreinsson (2022), frambjóðandi Framsóknarflokksins, sagði flokkinn vilja „stefna að því að létta undir með barnafjölskyldum og hafa 6 tíma leikskóladvöl gjaldfrjálsa á dag“. Þetta yrði gert „í samvinnu við leikskólana ... og með því að innleiða nýja gjaldskrá“. Alda Pálsdóttir (2022), frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Hveragerði, sagði að nú þegar væri „fyrirkomulagið þannig að skólahópur, elsti hópur leikskólastigs, fær gjaldfrjálsa fjóra tíma á dag“. Skrefin sem Halldór vildi taka hafa því ef til vill verið stærri og tíðari.

Í kosningapistlunum vorið 2022 komu heimgreiðslur til foreldra í staðinn fyrir leikskólaláss við sögu eingöngu hjá frambjóðendum mið- og hægriflokka. Eggert Sigurbergsson (2022a), frambjóðandi í Reykjanesbæ, benti á að

með því að gefa foreldrum aukna möguleika á umönnun með ungbarnastyrk þá verði kostnaður samfélagsins minni til lengri tíma litið og það gefur bæjaryfirvöldum aukið svigrúm til að byggja upp öfluga og vel mannaða leikskóla sem eru forsenda fyrir öflugum samfélagi.

Heiðdís Geirsdóttir (2022), frambjóðandi Framsóknarflokksins í Kópavogi, sagði:

Með heimgreiðslum til foreldra væri hægt að gera foreldrum það kleift að vera heima með börn sín þar til þau fá pláss á leikskóla eða til tveggja ára aldurs.

Magnea Gná Jóhannsdóttir (2022), frambjóðandi Framsóknarflokksins í Reykjavík, vildi að teknar yrðu upp heimgreiðslur

sem ekki væru bundnar við það að foreldrar yrðu heima með barninu heldur gætu aðrir aðstandendur barnsins, til dæmis ömmur og afar, fengið greiðsluna fyrir að annast gæslu barnanna.

Heiðdís Geirsdóttir (2022) ræddi einnig um dagforeldrakerfið sem þó fór ekki svo mikið fyrir í kosningapistlunum. Hún skrifaði að Framsóknarflokkurinn ætlaði að styrkja dagforeldra í bænum og „gera dagvistun hjá dagforeldrum að raunhæfum kosti fyrir foreldra sem það kjósa“. Harpa Björg Sævarsdóttir (2022), frambjóðandi Umbótar í Reykjanesbæ, staðhæfði að vistunarráðgjafi sem þessi væru bæjarfélaginu

mun ódýrari en leikskólaplássíð á hvert barn. Þrátt fyrir það er kostnaður foreldra mun hærri. Þarna er hægt að gera betur fyrir ekki svo margar krónur. Það þarf að minnka muninn á verði leikskólavistunar og vistunar hjá dagforeldri.

Lokaefnisþátturinn undir þrástefinu um skjótvirkar lausnir er umræða um að fimm ára börn fari í grunnskóla. Þar kom við sögu meðal annars nýting húsnæðis grunnskóla og fækkun í árgöngum. Marta Guðjónsdóttir (2022), borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, benti á að í aðalnámskrám leik- og grunnskóla væru sömu grunnpættir sem ættu að fléttast inn í allt nám. Hún nefndi sem möguleika að

fimm ára bekkur í grunnskóla tæki ... mið af blönduðu kerfi þar sem stuðst yrði við kennsluáðferðir beggja skólastiga. Í fimm ára bekk yrði grunnurinn sem áður í gegnum leik.

Hún vísaði í að Ísaksskóli hefði starfað í tæpa öld og einnig að með þessu losnaði rými í leikskólum til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Þannig yrði öllum tólf mánaða börnum með þessu „tryggt leikskólavist án tafar“.

Gunnar Már Gunnarsson (2022), frambjóðandi Framsóknarflokksins á Akureyri, vildi

í samvinnu við skólasamfélagið skoða kosti og galla þess að gera elsta árganginn í leikskólum að skyldubundnu skólastigi. Sérstaklega nú þegar þróunin er sú að það fækkar í árgöngum og pláss skapast í grunnskólum bæjarins.

Björg Eyþórsdóttir (2022), einnig frambjóðandi Framsóknarflokksins en í Múlaþingi, tók fram að flokkur hennar vildi „horfa til þess að gera leikskólann að skyldubundnu skólastigi ... [og að] ríkið tæki þátt í rekstri“. Hún vildi gera leikskóla í Múlaþingi gjaldfrjálsa og „hefja þá vinnu á elsta árgangi ...“.

Leikskólar sem þjónusta voru, og eru, stjórnmalafólkinu ofarlega í huga. Boðnar voru margvíslegar lausnir sem lutu að því að auka þjónustu – og í mörgum tilvikum alls ekki á kostnað leiks og þroska. Það er þó líklega frekar í orði en á borði sem hægt yrði að bjóða fimm ára börnum að vera í leikskóla í grunnskóla – eins og framsetningin var í kosningapistlunum, eða ef markmiðið var að nýta húsnæði á annan hátt.

Enda þótt hugmyndirnar hafi verið settar fram í því samhengi að greinarhöfundar ætluðu að ráða fram úr úrlausnarefnum á skjótvirkan hátt, þá var stefnan sem í þeim birtist iðulega líka til marks um sannfæringu flokkanna. Samhljómur milli flokka um aukið gjaldfrelsi er þó athyglisverður, þótt ekki sé samstaða um allar þessar leiðir. Margar hugmyndanna voru glannalega fram settar og jafnvel til marks um hálfgerða örvæntingu.

Umræður

Sem fyrr segir var tilgangur rannsóknarinnar að kanna hvernig hefði verið fjallað um leikskóla í íslenskum fjölmiðlum á tímabilinu 2020–2022 og leituðu höfundar svara við tveimur tilteknum spurningum; Hvað er leikskóli og til hvers er hann? Hvað er ætlast til að börn fái út úr leikskóladvölb?

Í niðurstöðunum greindum við frá margvíslegum sjónarmiðum þar sem sjá má mynstur sem raðast í það sem við greinum sem löggildingarlögmál. Við greindum einkum tvennt sem við gætum nefnt lögmál en fela einnig í sér þversagnir.

Fyrri lögmálið, sem við ræðum, varðar spurninguna: Hvað er leikskóli og til hvers er hann? Í greinunum var rætt um ytri sem innri skilyrði leikskólanna til þess leikskóli gæti verið góður staður fyrir börn til að þroskast og menntast en einnig um hlutverk leikskóla til að stuðla að jafnrétti í samfélaginu. Við greindum einhvers konar örvæntingu í mörgum greinanna, en sérstaklega í kosningapistlunum. Höfundarnir virðast hafa treyst sér til að setja fram margvíslegar hugmyndir fyrir kosningarnar – ekki aðeins hefðbundnar óskir um að leikskóli yrði foreldrum leikskólalabarnanna að kostnaðarlausu – heldur einnig hugmyndir um að greiða foreldrum og jafnvel öðrum ættingjum fyrir að vera heima með börnin, styrkja dagforeldraerfið sem hafði verið á undanhaldi og taka upp sex tíma leikskóladag. Svo virðist sem yfirvofandi kosningar hafi gert alls konar hugmyndir lögmætar, hugmyndir sem eru það ef til vill ekki á milli kosninga. Ein hugmyndin var að ókeypis leikskóli væri gott markaðsátak fyrir Akureyri (Heimir Örn Árnason, 2022).

Það kom sterkt fram að eitt af því sem gerði leikskóla mikilvæga væri að tilvist þeirra stuðlaði að kynjajafnrétti með því að jafna aðstöðumun karla og kvenna, þeir væru „hornsteinn samfélagsskipulags þar sem konur eru ekki neyddar til að velja á milli þess að vinna og að eiga börn“, eins og Halla Gunnarsdóttir orðaði það. Með þessu eru leikskólarnir reyndar líka þjónustustofnun við atvinnulífið svo að foreldrarnir geti unnið fullan vinnudag eins og Samtök atvinnulífsins (Ritstjórn, 2020) minntu okkur á í deilunni um styttingu opnunartímans. Þetta hlutverk leikskóla kemur líka vel fram í rannsóknum á jafnvægi vinnu og fjölskyldulífs (Andrea Hjalmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019; Ólöf Júlíusdóttir o.fl., 2018).

Þegar rætt var um skilyrði leikskólanna komu sterkt inn aðstæður starfsfólks og vandi við að manna leikskólana hæfu fólki sem vill vinna við þau skilyrði sem þar eru, sbr. verulega fækkun leikskólakennara niður undir fimmtung alls starfsfólks leikskólanna (Hagstofa Íslands, e.d.) og næstum því árvissan vanda við að fylla öll störf í leikskólunum. Gripið var til allra handa líkingamáls, svo sem eins og þess að leikskólarnir væru skip, sem væri „hægt og rólega að sökkva“, og að enginn kippti sér upp við það (Ólafur Brynjar Bjarkason, 2020).

Löggildingarlögmálið má orða þannig: Leikskóli er menntastofnun sem tekur þátt í að þroska börnin sem í honum eru. Á sama tíma hefur leikskólinn þýðingarmikil samfélagsleg hlutverk, annars vegar til að stuðla að jafnrétti kynjanna og hins vegar sem þjónusta við foreldra og atvinnulíf með því að sjá til þess að börnin séu á öruggum stað meðan foreldrarnir vinna. Þversögn, sem við greindum, felst í að ýmis ytri skilyrði hafa orðið til þess að leikskólunum er erfitt að sinna því hlutverki að börnin fái kost á sveigjanlegri heils dags leikskóladvöl. Því virðist vera reynt mikið að finna aðrar leiðir, svo sem að skerða dvalartíma barna og stytta opnunartíma síðdegis.

Síðara lögmálið, sem ekki er síður þversögn en lögmál, varðar spurninguna: *Hvað er ætlast til að börn fái út úr leikskóladvöl?* Hér hverfist málið um hvort leikskólar eru fyrst og fremst menntastofnanir til þess ætlaðar að þroska börnin í gegnum leik eða hvort þeir eru einkum þjónusta til að gæta barnanna á öruggum stað meðan foreldrar vinna. Þversögnin felst í því að leikskólarnir eru sannarlega hvort tveggja. Greinarhöfundar nefndu líka gjarna hvort tveggja; börnin okkar eiga að „hljóta kennslu og stuðning til þess að leika og læra“ meðan foreldrarnir geta „sinnt sinni vinnu áhyggjulaus“ (Kristófer Már Maronsson, 2022).

Foreldrar leikskólalabarna hafa væntingar til þess að í leikskólum sé vandað starf, með áherslu á öryggi og vellíðan barnanna, og flestir foreldrar vilja að börnin læri samskipti og þjálfu félagslega hæfni (sbr. rannsókn Jóhönnu Einarsdóttur, 2020). Í rannsókn Jóhönnu og í aðalnámskrá leikskóla liggur áhersla á starf sem er eðlisólíkt grunnskólastarfi; í stuttu máli að menntunin og uppeldið fari fram í gegnum leik fremur en kennslu og nám.

Umræðurnar um hvort sé hollt fyrir börnin að vera lengi í leikskóla koma við sögu undir hatti þessarar þversagnar. Steinunn Gestsdóttir (2020) benti á að ekkert í rannsóknum sýndi að það skipti

máli hvort barn væri átta eða níu tíma í leikskóla. Í röksemdafærslu fyrir að stytta leikskólann bar þó á því sjónarmiði að það væri æskilegt, barnanna vegna, að stytta tímann. Í því samhengi er gjarna vísað til þess að meðaldvalartími barna í íslenskum leikskólum sé einna lengsti dvalartími í Evrópu (Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið, 2021, bls. 23). Aðalnámskrá leikskóla fjallar svo aftur á móti mun minna um umönnunarhlutverk leikskóla eða um þjónustuhlutverk við foreldra og atvinnulíf en hún gerir um menntun og leik (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012).

Löggildingarlögmálið, sem er í senn einhvers konar þversögn, má orða þannig: Leikskólar eru menntastofnanir sem foreldrar vilja að séu ólíkar grunnskólum en sinni um leið því þjónustuhlutverki að gæta barnanna á öruggum stað meðan foreldrarnir eru í vinnu. Sókn í að stytta dvalartíma og stytta opnunartíma kemur ef til vill ekki niður á menntunarhlutverkinu en rekst á við þjónustuhlutverkið við foreldra og atvinnulíf, og þannig einnig jafnréttishlutverkið.

Þegar við horfum á þessi lögmál sem sögulega samverkan aðstæðna og atvika greindum við strax annars vegar skort á heildarsýn, sem mátti auðvitað búast við þegar skoðaðar eru greinar eftir um 50 ólíka höfunda og samtök, og hins vegar þagnir um málefni sem við höfðum búist við að sjá meira um.

Lítið var skrifað um innra starf leikskóla almennt séð. Það sem helst kom fram var áhersla í nokkrum kosningapistlum vorið 2022 á að leikskóli með leik í forgrunni í starfinu mætti helst ekki verða að fimm ára grunnskólabekk, jafnvel þótt börnin yrðu hluti af grunnskóla eða húsnaði grunnskóla yrði nýtt. Minna var skrifað um það sem köllum þjónustuhlutverk leikskóla við foreldra og atvinnulíf þótt svo að á stöku stað kæmi fram að mikilvægt væri fyrir börnin að vera á öruggum stað meðan foreldrarnir væru að vinna. Það var heldur ekki mikið skrifað um önnur jafnréttissjónarmið en kynjajafnrétti og að nokkru leyti jafnrétti eftir efnahag og hjúskaparstöðu; það var til dæmis minnst á einstæðar mæður. Kannski hefði mátt vænta þess að skrifað væri meira um möguleika leikskóla til að koma til móts við innflytjendur. Við fundum ekki skrifað neitt í greinunum um aukinn undirbúningstíma leikskólakennara og áhrif hans. Samningar um aukningu hans voru gerðir 2020 þannig að þess var þó varla að vænta í fyrra gagnasafninu.

Þagnir um þessi málefni undirstrika þá hreyfingu sem á sér stað, þegar litið er á skýrslur, um að skilja í sundur menntun og annað starf þannig að faglegt starf undir stjórn leikskólakennara fari fram hluta dagsins. Í skýrslu Reykjavíkurborgar 2021, sem var framhald af vinnu stýrihópsins sem gerði tillögu um stytta opnunartíma í janúar 2020, er lagt til að „meginþungi faglegs starfs í gegnum leik og viðfangsefni barna með íhlutun leikskólakennara, sem eru byggð á aðalnámskrá leikskóla, stefnu, hugmyndafræði og námskrá viðkomandi leikskóla og menntastefnu Reykjavíkurborgar fari fram frá kl. 8:30–14“. Fyrir kl. 8:30 og eftir kl. 14 verði „óformlegra skipulag, sem einkennist af frjálsum, sjálfsprottnum leik með áherslu á grunnþarfir barna, öryggi, umhyggju, vellíðan og einstaklingsbundna aðstoð eftir atvikum“ (Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið, 2021, bls. 13). Tillögur af þessum toga virðast í andstöðu við aðalnámskrá leikskóla þar sem tekið er fram að uppeldi, umönnun og menntun myndi „eina heild“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012, bls. 32). Verði leikskóladeginum skipt upp með ofangreindum hætti skapast hætta á aðgreiningu heildarinnar sem aðalnámskrá kveður á um.

Lokaorð

Rannsóknin undirstrikar að leikskólum er vandi á höndum að mæta ólíkum væntingum eins og þær birtust í greinasafninu sem var til skoðunar. Væntingarnar eru í fyrsta lagi um að leikskólar séu menntastofnanir þar sem börn fá að þroskast á forsendum leiksins sem starfsaðferðar, í öðru lagi að leikskólar stuðli að jafnrétti í samfélaginu og í þriðja lagi að leikskólar veiti foreldrum og atvinnulífi þjónustu. Jafnréttishlutverkið getur fallið að hluta til undir menntunarhlutverkið með jafnréttismenntun innan leikskólans en að hluta til þarf að sinna því sem þjónustuhlutverki.

Greiningin á fjölmiðlaumfjöllun um leikskóla á árunum 2020–2022, þar sem ólík sjónarmið og afstaða birtast, gefur skýrt til kynna að tekist er á um framtíð leikskólakerfisins á Íslandi. Mikilvægt

er aftur á móti að uppbygging kerfisins og umræða um leikskólana taki mið af hinum fjölpættu hlutverkum hans í íslensku samfélagi og tryggt verði að leikskólar haldi áfram að stuðla að auknu jafnrétti í samfélaginu með þjónustu við foreldra og atvinnulíf. [4]

Aftanmálgreinar

Rannsóknin er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem ber heitið *Áhrif stefnumótunar og foreldramenningar á barneignir á Íslandi* sem styrkt er af Rannsóknasjóði Rannís (228294) og hefur að markmiði að skoða fæðingartíðni og foreldramenningu á Íslandi á heildstæðan hátt með því að nýta ólíkar rannsóknaraðferðir.

Jónína Riedel félagsfræðingur og meistaranemi sá um fara yfir gagnabanka Fjölmiðlavaktarinnar í samráði við höfundana.

Höfundarnir, sem við lásum greinar, fréttir og pistla eftir, voru 24 um fyrri atburðinn. Þar af er 21 nafngreindur höfundur sem skrifaði eina grein eða fleiri einn síns liðs, ein grein frá 14 höfundum og tvær greinar eftir eða unnar upp úr yfirlýsingum félags og samtaka. Við lásum 34 kosningapistla. Sumir skrifuðu fleiri en eina grein en nokkrir voru saman um aðrar. Kosningapistlarnir spönnuðu pólitískt litróf frá Miðflokkki og Sjálfstæðisflokkki annars vegar til sameiginlegra lista, sem flestir tengdust Samfylkingunni, og Vinstri grænna hins vegar, en þó voru engar greinar frá frambjóðendum Sósíalista. Flestar voru greinar Framsóknarmanna og fáeinar frá frambjóðendum Viðreisnar og Pírata.

Sólveig Björg Pálsdóttir aðstoðarleikskólalastjóri fær þakkir fyrir að lesa greinina yfir í handriti.

Education or service: Discursive themes and contradicting ideas about preschools in Icelandic media

The article explores recent media discussion about preschools in Iceland. We selected two events in 2020 and 2022 with concentrated media coverage, including opinion articles and news. On the 14th of January 2020, the Education and Youth Council of the Reykjavík City Government decided to reduce the opening hours of preschools so that they would close at 4:30 pm instead of 5 pm. We observed all 27 articles published in the next 13 days. We also analysed 32 opinion articles written by political candidates published in the last thirteen days before the municipal elections were held on the 14th of May 2022. Altogether, for both events, there were 59 articles which we analysed to answer two questions: What is preschool, and what is the purpose of preschool? What is expected that children receive from being in preschool?

We approached the material with a six-step method called historical analysis of discourse (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2010). Steps one and two are selecting a topic and the material. At step three, we analysed six discursive themes: pressure on the children, the workload for the staff, development and play, equality, the service role of the preschools, and a theme we labelled as quick solutions. The themes of pressure on the children and workload for the staff are partly interwoven. One example is the worry that an eight-to-nine-hour school day is too long for young children. These worries were often put into the context of it being easier to hire staff with reduced opening hours. The development and play theme involved the authors' emphases on preschool as an educational institution, not least the importance of preschools keeping the focus on play and being constructed as different from compulsory education which focuses more on learning. One of the statements about equality was an argument that the preschool system's development had resulted from some of the most important recent political decisions. It was pointed out that the existence of preschools made it possible for women, in particular, not to have to choose between a career in the labour market and having children. Another theme included discussions about the role of preschools in servicing parents and the

labour market. The last theme, quick solutions, included many suggestions on how to solve some of the immediate problems with which the preschool system is dealing. The solutions included cash-for-care schemes, strengthening the system of self-employed childminders, making six or seven hours free of charge, and finding space in compulsory school buildings for five-year-old children.

We identified two legitimating principles constructed in the media coverage. The first one involves the idea that preschool is an educational institution with societal roles, such as contributing to Iceland's longstanding status as the most gender-equal country in the world (World Economic Forum, 2022). The schools service the labour market by caring for the children in a safe environment while their parents work. Other conditions, such as the staff shortage, make it difficult to fulfil their role to provide flexible, whole-day provisions. The other principle is that almost everyone who discussed preschools in the media wanted preschools to be a different kind of educational institution than compulsory schools children attend from age six. Attempts to shorten children's preschool time may be consistent with the educational role. At the same time, they simultaneously contradict the roles of service to equality, parents, and the labour market.

The study shows that there is a lively debate about the future of the Icelandic preschool system. It also clearly suggests that the municipalities do not have an easy task to solve when the communities equally expect the preschools to use play as the main ideology in their day-to-day activities as well as be a provider of services essential to continue the development of a gender-equal society where all genders, especially mothers, can participate in paid labour outside the home. We underline the importance of considering these multiple roles when it comes to further developing the preschool system in Iceland.

Keywords: preschools, children's development, role of preschools, equality, the media

Um höfundu

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (ingo@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk BA-prófi 1979 og cand.mag.-prófi 1983 í sagnfræði auk kennslufræði til kennsluréttinda 1980, öllu frá Háskóla Íslands og doktorsprófi í menntunarfræðum frá Wisconsin-háskóla í Madison 1991. Hann hefur sérhæft sig í rannsóknum á menntastefnu, kennarastarfinu og kyngervi og menntun.

Sunna Símonardóttir (sunnaks@hi.is) er nýdoktor og aðjúnkt í félagsfræði við Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í bókmennta- og kynjafræði 2005 frá Háskóla Íslands, meistaraprófi í kynjafræði frá University of Leeds 2009 og doktorsprófi í félagsfræði frá Háskóla Íslands 2017. Hún hefur sérhæft sig í rannsóknum á foreldrahlutverkinu, kyngervi og fæðingartíðni. Hún stýrir nú, með öðrum, rannsóknarverkefnum Áhrif stefnumótunar og foreldramenningar á barneignir á Íslandi.

About the authors

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (ingo@hi.is) is a professor at the School of Education at the University of Iceland. He holds a BA and cand. mag. degrees in history completed in 1979 and 1983, respectively, and a postgraduate teaching diploma from the University of Iceland completed in 1980. He completed a Ph.D. in curriculum and instruction from the University of Wisconsin, Madison in 1991. His research focuses on education policy, teacher expertise, and gender and education.

Sunna Símonardóttir (sunnaks@hi.is) is a postdoctoral researcher and adjunct in sociology at the University of Iceland. She completed her BA in comparative literature and gender studies in 2005 from the University of Iceland, a master's degree in gender

studies from the University of Leeds in 2009, and a doctorate in sociology from the University of Iceland in 2017. Her research focuses on parenthood, gender, and fertility rates. She is currently joint PI of the research project Fertility Intentions and Behaviour in Iceland: The Role of Policies and Parenting Culture.

Heimildir

- Alda Pálsdóttir. (2022, 5. maí). *Gjaldfrjáls leikskóli í desember*. DFS.is. <https://www.dfs.is/2022/05/05/gjaldfrjals-leikskoli-i-desember/>
- Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir. (2019). „Mér finnst ég stundum eins og hamstur í hjóli“: Streita í daglegu lífi fjölskyldufólks á Íslandi. *Íslenska þjóðfélagið*, 10(1), 4–20. <http://hdl.handle.net/10802/20295>
- Anna Magnea Hreinsdóttir, Kristín Karlsdóttir, Margrét S. Björnsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir. (2022). Áhrif undirbúningstíma á fagmennsku leikskólakennara og gæði leikskólustarfs. *Netla – Vefritarir um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2022/alm/10.pdf>
- Auður Ösp. (2020, 19. janúar). *Óvinsæl ákvörðun borgarinnar – „Af hverju er verið að auka stress og alag á foreldra?“ – „Skammsýni og vitleysa“* [frétt unnin úr Twitter-færslu]. DV. <https://www.dv.is/frettir/2020/01/19/leikskolar-reykjavikur-munu-loka-halfima-fyrr-af-hverju-er-verid-ad-auka-stress-og-alag-foreldra/>
- Ásdís A. Arnalds og Duvander, A.-Z. (2023). Arranging childcare in two Nordic countries: A comparison of ECEC start in Iceland and Sweden. *Journal of Family Research*, 35, 471–488. <https://doi.org/10.20377/jfr-896>
- Birta Sæmundsdóttir. (2022, 1. maí). *Við verðum að tala um kynjajafnrétti í Fjarðabyggð*. Austurfrett. <https://www.austurfrett.is/umraedan/vidh-verdhum-adh-tala-um-kynjajafnrretti-i-fjardhabyggdh>
- Björg Eypórsdóttir. (2022, 9. maí). *Lækkun leikskólajalda – óumdeilanlega fyrsta skólastigsins*. Austurfrett. <https://www.austurfrett.is/umraedan/laekkun-leikskolajalda-oumdeilanlega-fyrsta-skolastigsins>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. Sage.
- Claudia Overesch, Edda Ýr Garðarsdóttir, Elísabet Ýr Atladóttir, Gunnur Vilborg, Halldóra Jónasdóttir, Hanna Björg Vilhjámsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Kristjana Ásbjörnsdóttir, Margrét Inga Gísladóttir, María Lilja Þrastardóttir Kemp, Ósk Gunnlaugdóttir, Sóley Tómasdóttir, Sunna Símonardóttir og Þóra Kristín Þórsdóttir. (2020, 22. janúar). *Stytttri opnunartími eða stytttri vinnuvika?* Stundin. <https://heimildin.is/grein/10374/stytttri-opnunartimi-eda-stytttri-vinnuvika/>
- Eggert Sigurbergsson. (2022a, 6. maí). *Ungbarnastyrkur brúar bilið*. Víkurfréttir. <https://www.vf.is/adsent/ungbarnastyrkur-bruar-bilid>
- Eggert Sigurbergsson. (2022b, 9. maí). *Gjaldfrjáls leikskóli er réttlætismál*. Víkurfréttir. <https://www.vf.is/adsent/gjaldfrjals-leikskoli-er-rettlætismal>
- Foucault, M. (1978). Politics and the study of discourse. *Ideology and Consciousness*, 3, 7–26.
- Guðni Gíslason. (2020, 19. janúar). *Í lagi í Hafnarfirði en ekki í Reykjavík. Stytting viðverutíma á leikskólum kemur niður á mörgum fjölskyldum þó prósentan sé lág*. [Frétt unnin upp úr bréfi.] Fjarðarfréttir. <https://www.fjardarfrettir.is/frettir/skolamal/i-lagi-i-hafnarfirði-en-ekki-i-reykjavík>
- Guðrún Runólfssdóttir og Leifur Gunnarsson. (2022, 12. maí). *Hvort viltu vinna eða eignast börn?* Vísir. <https://www.visir.is/g/20222261451d/hvort-viltu- eignast-born-eda-vinna->
- Gunnar Már Gunnarsson. (2022, 4. maí). *Gjaldfrír leikskóli á að vera markmið til framtíðar*. Víkublaðið. <https://www.vikubladid.is/is/frettir/leikskolarnir-og-lifsgaedin>
- Gunnar Már Gunnarsson og Sverre Jakobsson. (2022, 12. maí). *Áfram betri leikskólar!* Akureyri.net. <https://www.akureyri.net/is/moya/news/af-ram-betri-leikskolar>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Starfsfólk í leikskólum eftir aldri, menntun og landsvæðum 1998–2022*. https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag_skolamal__1_leikskolastig__1_1sStarfsfolk/SKO01301.px/table/tableViewLayout2/
- Hagstofa Íslands. (2023a, 27. júní). *Fjórða hvert leikskólabarn með erlendan bakgrunn*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/ born-i-leikskolum-2022/>
- Hagstofa Íslands. (2023b, 4. janúar). *Konur líklegri til að starfa í hlutastörfum en karlar*. <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinnumarkadur/folk-i-hlutastorfum/>

- Hagstofa Íslands. (2023c, 2. mars). *Vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði árið 2022*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinnumarkadur/vinnumarkadurinn-arid-2022/>
- Halla Gunnarsdóttir. (2020, 22. janúar). *Húsmóðinn og leikskólinn*. Kjarninn. <https://kjarninn.is/skodu/2020-01-21-husmodirin-og-leikskolinn/>
- Halldór Benjamín Hreinsson. (2022, 10. maí). *Fjölskyldur í forgang*. DFS.is. <https://www.dfs.is/2022/05/10/fjolskyldur-i-forgang/>
- Hanna Katrín Friðriksson. (2020, 18. janúar). *Rétt skref tekið á röngum tíma*. Hringbraut. <https://www.hringbraut.is/frettir-pistlar/rett-skref-tekid-a-rongum-timal/>
- Harpa Björg Sævarsdóttir. (2022, 11. maí). *Eflum þjónustu dagmæðra X-U*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222260663d/eflum-thjonustu-dagmaedra-x-u%2011.ma%C3%AD>
- Heiðís Geirsdóttir. (2022, 12. maí). *Megi heppnin vera með þér ... að loknu fæðingarorlofi*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222261685d/megi-heppnin-vera-med-ther-ad-loknu-faedingar-orlofi>
- Heimir Örn Árnason. (2022, 9. maí). *Fyrir unga foreldra og börnin þeirra*. Akureyri.net. <https://www.akureyri.net/is/moya/news/fyrir-unga-foreldra-og-bornin-theirra>
- Hildur Björnsdóttir. (2022, 3. maí). *Ætti grunnskólinn að hefjast fimm ára?* Vísir. <https://www.visir.is/g/20222256187d/aetti-grunnskolinna-ad-hefst-fimm-ara>
- Hildur Rún Róbertsdóttir. (2022, 4. maí). *Byggjum upp leikskóla til framtíðar*. Eyjafréttir. <https://eyjafrettir.is/2022/05/04/byggjum-upp-leikskola-til-framtidar/>
- Hrefna Sigurjónsdóttir. (2020, 21. janúar). *Eru foreldrar fífl?* Vísir. <https://www.visir.is/g/2020200129788/eru-for-eldrar-fifl->
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2006). Leitað að mótsögnum. Um verklag við orðræðugreiningu. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 178–195). Háskólaútgáfan.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2010). The politics of historical discourse analysis: A qualitative research method? *Discourse: Studies in the Cultural Politics of Education*, 31(2), 251–264. <https://doi.org/10.1080/01596301003679768>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2020). Viðhorf foreldra og opinber leikskólastefna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2020/ryn/06.pdf>
- Kolbrún Baldursdóttir. (2020, 22. janúar). *Vanmetum ekki foreldra*. Vísir. <https://www.visir.is/g/2020200129620/vanmetum-ekki-foreldra>
- Kristófer Már Maronsson. (2022, 13. maí). *Við stöndum við bakið á foreldrum*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222262170d/vid-stondum-vid-bakid-a-for-eldrum>
- Lillý Valgerður Pétursdóttir. (2020, 18. janúar). „*Ekki okkar reynd að þetta sé svona erfitt eins og blásíð er upp*“. Vísir. <https://www.visir.is/g/20202001190971-ekki-okkar-reynd-ad-thetta-se-svona-erfitt-eins-og-blasid-er-upp->
- Líf Magneudóttir. (2022, 3. maí). *Gerum rétt í Reykja vik og frelsum menntun barna frá greiðslu-sedlunum*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222256358d/gerum-rett-i-reykja-vik-og-frelsum-menntun-barna-fra-greidslu-sedlunum>.
- „*Lúalegt*“ *ad ala á samvískubiti foreldra*. (2020, 21. janúar). Mbl.is. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/01/21/lualegt_ad_ala_a_samviskubiti_foreldra/
- Lög um leikskóla nr. 78/1994.
- Magnea Gná Jóhannsdóttir. (2022, 12. maí). *Framsókn í leikskólamállum*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222261679d/fram-sokn-i-leik-skola-malum>
- María Ellen Steingrimsdóttir og Leó Snær Pétursson. (2022, 10. maí). *Getnaðarkapphlaupið á milli mín og sveitarfélagsins*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222259360d/getnadar-kapp-hlaupid-a-milli-min-og-sveitar-fe-lagsins>.
- Marta Guðjónsdóttir. (2022, 3. maí). *Leysum leikskólavandann og eflum skólana*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222256545d/leysum-leik-skola-vandann-og-eflum-skolana>.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/adalnskr_leiksk_2012.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2021). *Styrking leikskólastigsins: Skýrsla starfshóps*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Styrking%20leiksk%c3%b3lastigsins_sk%c3%bdrsla%20starfsh%c3%b3ps_%c3%a1g%c3%b3ast%202021.pdf

- Ólafur Brynjar Bjarkason. (2020, 23. janúar). *Þetta er leikskólinn Hagaborg*. Vísir. <https://www.visir.is/g/2020200129538/thetta-er-leik-skolinn-haga-borg>
- Ólöf Júlíusdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir og Þorgerður J. Einarsdóttir. (2018). Top managers and the gendered interplay of organisations and family life: The case of Iceland. *Gender in Management: An International Journal*, 33(8), 602–622. <https://doi.org/10.1108/GM-03-2017-0028>
- Pálína Hildur Sigurðardóttir. (2022, 7. maí). *Árangursrík skólaganga með okkar besta fólki*. Feykir. <https://www.feykir.is/is/frettir/arangursrik-skolaganga-med-okkar-besta-folki>
- Pétur Heimisson. (2022, 3. maí). *Leikskólajöld – pólitískt akvarðaður ójöfnuður*. Austurfrett. <https://www.austurfrett.is/umraedan/leikskolajoeld-politiskt-akvardhadhur-ojoefnudhur>
- Rannveig Ernudóttir. (2022, 4. maí). *Leikskólabörn á feribandinu*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222256805d/leik-skola-born-a-faeri-bandinu>
- Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. (2018). *Tillögur um aðgerðir: Starfshópur um nýliðun og bæt看 starfsumhverfi leikskólakennara í Reykjavík*. <https://reykjavik.is/sites/default/files/skyrslaleikskolakennarar.pdf>
- Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. (2019). *Stýrihópur um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík: Áfangaskýrsla stýrihóps*. https://reykjavik.is/sites/default/files/afangaskyrsla-umbaetur_og_skipulag_leikskolastarfs.pdf
- Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið. (2021). *Umbætur og skipulag leikskólastarfs: Tillögur stýrihóps maí 2021*. https://reykjavik.is/sites/default/files/209_1.1_umbaetur_og_skipulag_leikskolastarfs_skyrsla_.pdf
- Ritsstjórn. (2020, 27. janúar). *Samráðið innan leikskóla, en ekki við foreldra eða atvinnurekendur*. Viljinn. <https://viljinn.is/frettaveita/samradid-innan-leikskola-en-ekki-vid-foreldra-eda-atvinnurekendur/>
- Sharp, L. og Richardson, T. (2001). Reflections on Foucauldian discourse analysis in planning and environmental policy research. *Journal of Environmental Policy and Planning*, 3(3), 193–209. <https://doi.org/10.1002/jcpp.88>
- Sigurbjörg Erla Egilsdóttir. (2022, 7. maí). *Þetta vilja Píratar gera fyrir yngstu íbúa Kópavogs*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222258399d/thetta-vilja-piratar-gera-fyrir-yngstu-ibua-kopavogs>
- Sigurður Sigurjónsson. (2020, 23. janúar). *Baráttan um tímarn*. Vísir. <https://www.visir.is/g/2020200129531/bar-attan-um-timann>
- Skúli Helgason. (2022, 13. maí). *Bríuum bilið – svona er planið!* Vísir. <https://www.visir.is/g/20222262037d/brium-bilid-svona-er-planid->
- Steinunn Gestsdóttir. (2020, 19. janúar). *8,0 tímar á leikskóla eða 8,5 tímar?* [frétt unnin úr Facebook-færslu]. Miðjan. <https://www.midjan.is/80-timar-a-leiskola-eda-85-timar/>
- World Economic Forum. (2022). *The global gender gap index*. <https://www.weforum.org/reports/global-gender-gap-report-2022/>
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir. (2022, 6. maí). *Foreldrar og börn*. Kópavogs- og Garðapósturinn – kgp.is. <https://kgp.is/gardabaer/foreldrar-og-born/>
- Þórdís Jóna Sigurðardóttir. (2022, 6. maí). *Lítil börn í stórum skólum*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20222257898d/litul-born-i-storum-skolum>
- Þórdís Lóa Þórhallsdóttir. (2020, 23. janúar). *Við þurfum að hlusta bæði á foreldra og leikskóla*. Vísir. <https://www.visir.is/g/2020200129566/vid-thurfum-ad-hlusta-baedi-a-for-eldra-og-leik-skola>



Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Sunna Símonardóttir. (2023). Menntun eða þjónusta? Þrástef og þversagnir í umfjöllun fjölmiðla um leikskóla. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2023 – Menntavika 2023. Sótt af http://netla.hi.is/serit/2023/menntavika_2023/02.pdf
DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2023.14>